



HRUNAMANNAHREPPUR

35. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 4. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 6. APRÍL 2017

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2017, þann 6. apríl kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 4 mál, samning við Fornleifastofnun Íslands um fornleifaskráningu, fundargerð 14. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla frá 4. apríl s.l., fundargerð 15. fundar skólanefnar vegna Undralands frá 4. apríl s.l. og fundargerð 5. fundar Ungmennaráðs. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindin fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2016: Fyrri umræða.
2. KPMG: Endurskoðunarskýrsla 2016.
-liggur frammi á fundinum-
3. Allsherjar og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um orlof húsmæðra.
4. Efnahags- og viðskipanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars).
5. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun.
6. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak.
7. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði samgangna.
8. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um útlendinga.
9. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði).
10. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um umferðarlög (bílastæðagjöld).
11. Ísland ljóstengt.
12. Reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Hrunamannahreppi.
13. Áfangaskýrsla: Staða úrgangsmála í Suðurlandi 2016.
14. Innanríkisráðuneytið: Úrskurður.
15. Móttökusamningur vegna seyru: Sveitarfélagið Ölfus.
16. Hvatagreiðslur.
17. Bókasafn Hrunamanna: Ársskýrsla 2016.
18. Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Beiðni um umsögn vegna skipulagslýsingar á endurskoðun aðalskipulags.
19. Akurgerði: Gatnagerð.
-liggur frammi á fundinum-
20. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

21. Veitustjórn: Fundargerð 17. fundar stjórnar frá 20. mars s.l.
22. Ungmennaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð ráðsins frá 24. mars s.l.
23. Vinnuhópur vegna bókuar 1 í kjarasamningi kennara: Fundargerð vinnuhópsins frá 6. mars. sl.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

24. Fundargerð 129. fundar skipulagsnefndar frá 9. mars s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 1. mars s.l.
Mál nr. 16: Hvammur 1. Stofnun nýrrar lóðar.
Mál nr. 27: Útleiga á íbúðar- og sumarhúsum. Starfsreglur.
Mál nr. 28: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
25. Fundargerð 130. fundar skipulagsnefndar frá 23. mars s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 15. mars s.l.
Mál nr. 1: Hrafnkelsstaðir 3A: Stofnun lóðar.
Mál nr. 2: Birkibýggð: Deiliskipulagsbreyting.
Mál nr. 3: Jaðar 1: Frístundahúsalóð: Deiliskipulag.
Mál nr. 4: Hvammur 1 og 2: Stofnun lóðar.
Mál nr. 5: Hvammur 1: Breyting á byggingarreit. Deiliskipulagsbreyting.
Mál nr. 22: Útleiga á íbúðar- og sumarhúsum. Starfsreglur.
Mál nr. 24: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
26. Fundargerð 131. fundar skipulagsnefndar frá 6. apríl.
-liggur frammi á fundinum-
27. NOS: Fundargerð frá 6. mars s.l.
28. Skólabjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíks: Fundargerð 20. fundar frá 15. mars s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 13. fundar stjórnar frá 14. mars s.l.
- b. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 178. fundar frá 17. mars s.l.
- c. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 254. fundar stjórnar frá 22. mars s.l.
- d. SASS: Fundargerð 517. fundar stjórnar frá 3. mars s.l.
- e. Fagráð Tónlistarskóla Árneseinga. 180. Fundur fagráðs frá 14. mars s.l.
- f. Fagráð Tónlistarskóla Árneseinga. 181. Fundur fagráðs frá 21. mars s.l.
- g. Bergrisinn bs: Fundargerð 23. Fundar stjórnar frá 20. febrúar s.l.
- h. Bergrisinn bs: Fundargerð aukaáðalfundar frá 21. mars s.l.
- i. Listasafn Árneseinga: Fundargerð stjórnar frá 28. febrúar s.l.

Kynningarmál:

- j. Starfshópur um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árnessýslu: Fundargerð hópsins frá 7. febrúar s.l.
- k. KPMG: Samningur um sviðsmyndagreiningu o.fl.
- l. Landgræðsla ríkisins: Styrkur úr Landbótasjóði.
- m. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða: Styrkur vegna Hrunalaugar.
- n. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 847. fundar stjórnar frá 24. febrúar s.l.
- o. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 848. fundar stjórnar frá 24. mars s.l.
- p. Samband íslenskra sveitarfélaga: Tilkynning um skil starfshóps vegna vinnslu persónuupplýsinga.
- q. Reiðhöllin á Flúðum ehf: Skýrsla stjórnar og ársreikningur 2016.
- r. Landgræðslufélag Hrunamanna: Ársreikningur 2016.
- s. Kerlingarfjallavinir: Ársreikningur 2016.
- t. Ungmennafélag Hrunamanna: Fundargerð aðalfundur UMFH frá 27. mars s.l. og rekstarreikningur 2016.
- u. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 29. Fundar stjórnar frá 10. mars s.l.
- v. Fjallaskilamál: Fundargerð fundar Bláskógabyggðar og Hrunamannahrepps frá 16. mars s.l.
- w. Ferðamálafulltrúi Uppsveita: Skýrsla vegna ferðabjónustu í Uppsveitum Árnessýslu 2016-2017.

Fundir framundan

- x. Kynningarfundur NOS með sveitarstjórnnum 25. apríl n.k í Vatnsholti.
- y. Sviðsmyndagreining KPMG með sveitarstjórnnum 25. og 26. apríl n.k.
- z. Héraðsnefnd Árneseinga: Vorfundur 4. maí n.k.
- aa. Forsætisráðuneytið. Fundur í Gömlu Borg 29. maí um málefni þjóðlendu.

Skýrslur á skrifstofu:

- bb. Samband íslenskra sveitarfélaga: Ársskýrsla 2016.
- cc. Lánasjóður sveitarfélaga: Ársreikningur 2016.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um orlof húsmæðra.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis. Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um orlof húsmæðra. Sveitarstjórn leggur til að frumvarpið verði samþykkt.
- 2. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars).**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarstjórn lýsir sig alfarið á móti þessu frumvarpi. Með því er verið að gera ákveðnum sveitarfélögum með mjög sérstaka tekjustofna kleift að verða skattaparadísir.
- 3. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun.
- 4. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps leggst gegn breytingum á núverandi fyrirkomulagi vegna sölu á áfengi.

Jafnframt vill sveitarstjórn koma á framfæri þeirri skoðun sinni að ekki eigi að auka aðgengi að áfengi og þessi breyting sé ekki til þess fallin að styðja forvarnir. Í þessu sambandi eigi að líta til umsagna fagaðila eins og embættis landlæknis og ekki verður með nokkru móti séð hvernig Alþingi geti sett sig á móti röksemdum hans um að halda eigi fyrirkomulagi á sölu áfengis með óbreyttum hætti.
- 5. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði samgangna.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði samgangna.
- 6. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um útlendinga.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um útlendinga.
- 7. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði).**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði). Sveitarstjórn telur að með frumvarpinu sé brotið gegn reglum og tilgangi Jöfnunarsjóðs að tekjur sjóðsins eigi að fara til jöfnunar á tekjugrunni sveitarfélaganna á Íslandi og leggst því alfarið á móti því.
- 8. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um umferðarlög (bílastæðagjöld).**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um umferðarlög (bílastæðagjöld). Sveitarstjórn fagnar frumvarpinu og leggur til að það verði lögfest sem fyrst. Hins vegar er það umhugsunarefni hvað það tekur löggjafann langan tíma að bregðast við í þessum málum. Ljóst er að nauðsynlegt hefði verið að setja slík lög fyrir 1-2 árum þegar augljóst var að bregðast yrði við auknum straumi ferðamanna á landsbyggðinni og sveitarfélögin og aðilar í ferðaþjónustu þar skilin eftir án nokkurra úrræða.
- 9. Ísland ljóstengt.**

Oddviti kynnti stöðu málsins varðandi lagningu ljósleiðara í Hrunamannahreppi. Frestur sem Mílu var gefinn til að útvega nánari upplýsingar um innviði rann út þann 4. apríl s.l. og liggja þær upplýsingar nú fyrir. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að koma verkefninu á næsta stig, m.a. ganga frá samningi við Guðmund Daníelsson ráðgjafa um verkefnastjórn.

10. **Reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Hrunamannahreppi.**
Oddviti kynnti reglur um lækkun, niðurfellingu og afslætti vegna fasteignaskatta í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir reglurnar.
11. **Áfangaskýrsla: Staða úrgangsmála á Suðurlandi 2016.**
Oddviti kynnti áfangaskýrslu um stöðu úrgangsmála á Suðurlandi sem Stefán Gíslason hefur verið að vinna fyrir sveitarfélögin sem eru aðilar að Sorpstöð Suðurlands.
12. **Innanríkisráðuneytið: Úrskurður.**
Oddviti kynnti úrskurð Innanríkisráðuneytisins í stjórnslumáli IRR16010179 vegna kæru Jóhanns Unnars Guðmundssonar f.h. Hlífur Sigurðardóttur, Tómasar Þóris Jónssonar og Þrastar Jónssonar þar sem ráðuneytið féllst á kröfur Hrunamannahrepps að um væri að ræða kröfur á grundvelli samninga og vísaði málinu frá. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna áfram í málinu.
13. **Ársreikningur Hrunamannahrepps 2016: Fyrri umræða.**
Auðunn Guðjónsson, endurskoðandi KPMG, mætti á fundinn undir þessum lið. Lagður var fram ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2016, ásamt sundurliðunum, til fyrri umræðu. Auðunn Guðjónsson endurskoðandi, kynnti helstu kennitölur ársreikningsins og svaraði fyrirspurnum. Afgreiðslu vísað til næsta fundar sveitarstjórnar.
14. **KPMG: Endurskoðunarskýrsla 2016.**
Auðunn Guðjónsson, endurskoðandi KPMG, fór yfir framlagða endurskoðunarskýrslu KPMG fyrir árið 2016.
15. **Móttökusamningur vegna seyru: Sveitarfélagið Ölfus.**
Oddviti kynnti drög að móttökusamningi við Sveitarfélagið Ölfus um móttöku á seyru. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann. Jafnframt felur sveitarstjórn sveitarstjóra að ganga frá sambærilegum samningum við sveitarfélög í Árnes- og Rangárvallarsýslu.
16. **Hvatagreiðslur.**
Oddviti kynnti tillögu um hækkun á hvatagreiðslum úr kr. 10.000 á önn uppí kr. 15.000. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna sem tekur gildi frá og með vorönn 2017.
17. **Bókasafn Hrunamanna: Ársskýrsla 2016.**
Oddviti kynnti ársskýrslu bókasafnsins fyrir síðasta ár. Þar kemur fram að almennir lánþegar voru um 1040 og lánaðar voru út 2.217 bækur yfir árið sem er lítilsháttar fjölgun. Að auki voru á skólatíma lánaðar út 337 bækur. Sveitarstjórn þakkar Ingu Jónu fyrir góða skýrslu.
18. **Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Beiðni um umsögn vegna skipulagslýsingar á endurskoðun aðalskipulags.**
Oddviti kynnti beiðni Skeiða- og Gnúpverjahrepps um umsögn vegna skipulagslýsingar á endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við skipulagslýsinguna.
19. **Akurgerði: Gatnagerð.**
Oddviti kynnti niðurstöður útboðs vegna gatnagerðar í Akurgerði. Í verkið barst eitt tilboð frá Gröfütækni ehf að fjárhæð kr. 48.632.200. Tilboðið var undir kostnaðaráætlun. Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við Gröfütækni ehf og felur sveitarstjóra að undirrita samning vegna þess.
20. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**
Ákveðið að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 11. maí kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

21. **Veitustjórn: Fundargerð 17. fundar stjórnar frá 20. mars s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 17. fundar stjórnar þar sem farið var yfir ársreikning Hitaveitu Flúða 2016, rekstur vatnsveitu 2016 og rekstur fráveitu 2016. Þá var tekið fyrir erindi frá Fossi vegna hitaveitu, kaup á rafbíl fyrir hitaveituna, vatnsveitu að Grafar- og Reykjabakkabæjum, innheimtusamning, ljósleiðaramál og Kópvatnsholuna. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
22. **Ungmennaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð ráðsins frá 24. mars s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 6. fundar Ungmennaráðs Hrunamannahrepps. Þar var fjallað um Ungmennaráð Suðurlands en af hálfu Ungmennaráðs Hrunamannahrepps voru skipaðir í ráðið Rúnar Guðjónsson sem aðalmaður og

Anna Marý Karsldóttir sem varamaður. Þá var fjallað um erindisbréf Ungmennaráðs Suðurlands. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

23. Vinnuhópur vegna bókungar 1 í kjarasamningi kennara: Fundargerð vinnuhópsins frá 6. mars. sl.

Oddviti kynnti fundargerð vinnuhóps vegna bókungar 1 í kjarasamningi kennara.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

24. Fundargerð 129. fundar skipulagsnefndar frá 9. mars s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 1. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 129. fundar skipulagsnefndar frá 9. mars og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 1. mars s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 16: Hvammur 1. Stofnun nýrrar lóðar.

Lögð fram umsókn um stofnun 1.047m² lóðar undir íbúðarhús úr landi Hvamms 1 sem eigi að fá nafnið Hvammur 1B.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar og gerir ekki athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 27: Útleiga á íbúðar- og sumarhúsum. Starfsreglur.

Kynnt voru drög að starfsreglum varðandi veitingu leyfa til gistireksturs.

Mál nr. 28: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 1. mars s.l.

25. Fundargerð 130. fundar skipulagsnefndar frá 23. mars s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 15. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 130. fundar skipulagsnefndar frá 23. mars og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 15. mars s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 1: Hrafnkelsstaðir 3A: Stofnun lóðar.

Lagt er fram lagfært lóðablað sem sýnir 11.485m² spildu úr landi Hrafnkelsstaða 3A sem eigi að fá nafnið Sandskarð auk lóðablaðs sem sýnir afmörkun þess lands sem eftir verður

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar Sandsskarðs með fyrirvara um samþykki eiganda aðliggjandi lands á hnitsetningu landamarka. Þá eru ekki gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga eða afmörkun á því landi sem eftir stendur með fyrirvara á samþykki eigenda aðliggjandi lands.

Mál nr. 2: Birkibbyggð: Deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi fyrir sumarhúsabyggðina í Birkibbyggð úr landi Grafar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um að tillagan verði ekki samþykkt fyrr en leyst hafi verið úr þeirri skörun sem virðist vera við aðliggjandi deiliskipulag og að í deiliskipulaginu verði gert grein fyrir göngustígum við aliggjandi deiliskipulags. Þá er tekið undir þá skoðun að æskilegt sé að sameiginlegar fráveitur séu á sameiginlegum svæðum innan deiliskipulagsins.

Mál nr. 3: Jaðar 1: Frístundahúsaloð: Deiliskipulag.

Lögð fram endurbætt lýsing deiliskipulags fyrir frístundahús í landi Jaðars I.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um að lýsingin verði kynnt skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 4: Hvammur 1 og 2: Stofnun lóðar.

Lögð fram umsókn um stofnun 2.907m² lóðar úr sameiginlegu landi Hvamms 1 og Hvamms 2 sem eigi að fá nafnið Hvammur 1C.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar með fyrirvara um að skýrar komi fram hvernig mörk lóðarinnar og lóðarinnar Hvammur 1 lóð eru á milli hús. Þá eru ekki gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 5: Hvammur 1: Breyting á byggingarreit. Deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi sem fellst í því að í stað íbúðarhúss verði heimilt að byggja gistihús auk annara smávægilegra skilmálabreytinga.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem

breytingartillagan er í samræmi við auglýsta tillögu að endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps. Þá er tekið undir að áður en auglýst verði þurfi að bæta inn ákvæðum um aðgengi aðliggjandi landa um skipulagssvæðið.

Mál nr. 22: Útleiga á íbúðar- og sumarhúsum. Starfsreglur.

Lögð fram tillaga að starfsreglum varðandi veitingu umsagna um rekstrarleyfi fyrir gistingu í sumar- og íbúðarhúsum á starfssvæði embættisins.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögur að starfsreglum.

Mál nr. 24: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. mars s.l.

26. Fundargerð 131. fundar skipulagsnefndar frá 6. apríl og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 29. mars s.l

Oddviti kynnti fundargerð 131. fundar skipulagsnefndar frá 6. apríl s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 29. mars s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 11: Hrepphólar. Stofnun lóðar.

Lögð fram umsókn um stofnun 1.345m² íbúðarhúsalóðar úr landi Hrepphóla sem fá nafnið Hrepphólar 2.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar og ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 12: Auðsholt 2 (Selholt 1).

Lögð fram að nýju tillaga að deiliskipulagi fyrir íbúðar- og aðstöðuhús í landi Auðsholts 2, Selholt 1. Landið er í heild 93,8 ha og afmarkaðir tveir byggingarreitir á holti í landinu. Fyrir liggja umsagnir Veðurstofu Íslands, HES og Minjastofnunar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 13: Hrunamannavegur 1, 3 og 5, Flúðum.

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi miðsvæðis Flúða sem nær til lóðanna Hrunamannavegar 1, 3 og 5. Í breytingu felst m.a. að sett er inn heimild til að vera með íbúðir að hluta í húsunum á lóðinni, byggingarreitur stækkar og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,7 í 1,5.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar að um sé að ræða óverulega breytingu og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir lóðarhafa lóðar nr. 1.

Mál nr. 27: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 29. mars s.l.

27. NOS: Fundargerð frá 6. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð fundar NOS þann 6. mars s.l. Þar sem farið var yfir uppgjör skólaþjónustunnar 2016, uppgjör velferðarþjónustunnar og tekin ákvörðun um kynningarfund með sveitarstjórnnum 25. apríl n.k. Þá var farið yfir stöðu biðlista vegna sálfræðiþjónustu, staðsetningu náms- og starfsráðgjafa fyrir Uppsveitir og Flóa, endurnýjun markmiða skólaþjónustunnar, sameiginlega innflytjendastefnu, húsnæðisáætlun sveitarfélaganna og húsnæðismál Skóla- og velferðarþjónustunnar. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

28. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnespings: Fundargerð 20. fundar frá 15. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 20. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnespings þann 15. mars s.l. Þar sem farið var yfir húsnæðisáætlun sveitarfélaganna, tilvísanir til skólasálfræðinga, kynnt þróun fjárhagsaðstoðar 2012-2016, styrkbeiðni Afslins og Bláa strengnum og ályktun aðalfundar Félags eldri borgara í Ölfusi. Þá var rætt um kynningarfund þann 25. apríl í Vatnsholti og eitt trúnaðarmál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Önnur mál:

29. Fornleifastofnun Íslands: Samningur fornleifaskráningu.

Oddviti kynnti drög að samningi við Fornleifastofnu Íslands um fornleifaskráningu. Samningur væri til fimm ára og væri þá ætlað skráningu fornleifa væri lokið í Hrunamannahreppi. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann. Kostnaður vegna ársins 2017 er áætlaður kr. 1,9 millj. og skal þeim útgjöldum mætt með lækkun á handbæru fé með viðauka við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

30. **Skólanefnd: Fundargerð 14. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 4. apríl s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 14. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla. Farið var yfir skýrslu skólustjóra, skóladagatal 2017-2018 og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
31. **Skólanefnd: Fundargerð 15. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 4. apríl s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 15. fundar skólanefndar vegna Undralands. Farið var yfir skýrslu leikskólustjóra, starfsmannakönnun, trúnaðarmál og umsóknir um undanþágu vegna vistunar 12 mánaða barna. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
32. **Ungmennaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð ráðsins frá 8. febrúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 5. fundar Ungmennaráðs Hrunamannahrepps. Þar var fjallað um endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps, varamenn í ráðinu, ball, strætóskýli og ljósleiðara. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 13. fundar stjórnar frá 14. mars s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 178. fundar frá 17. mars s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 254. fundar stjórnar frá 22. mars s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- d. **SASS: Fundargerð 517. fundar stjórnar frá 3. mars s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- e. **Fagráð Tónlistarskóla Árnesinga. 180. Fundur fagráðs frá 14. mars s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- f. **Fagráð Tónlistarskóla Árnesinga. 181. Fundur fagráðs frá 21. mars s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. **Bergisinn bs: Fundargerð 23. Fundar stjórnar frá 20. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- h. **Bergisinn bs: Fundargerð aukaaðalfundar frá 21. mars s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- i. **Listasafn Árnesinga: Fundargerð stjórnar frá 28. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- j. **Starfshópur um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árnassýslu: Fundargerð hópsins frá 7. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- k. **KPMG: Samningur um sviðsmyndagreiningu o.fl.**
Lagt fram til kynningar.
- l. **Landgræðsla ríkisins: Styrkur úr Landbótasjóði.**
Lagt fram til kynningar.
- m. **Framkvæmdasjóður ferðamannastaða: Styrkur vegna Hrunalaugar.**
Lagt fram til kynningar.
- n. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 847. fundar stjórnar frá 24. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- o. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 848. fundar stjórnar frá 24. mars s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- p. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Tilkynning um skil starfshóps vegna vinnslu persónuupplýsinga.**
Lagt fram til kynningar.
- q. **Reiðhöllin á Flúðum ehf: Skýrsla stjórnar og ársreikningur 2016.**
Lagt fram til kynningar.
- r. **Landgræðslufélag Hrunamanna: Ársreikningur 2016.**
Lagt fram til kynningar.
- s. **Kerlingarfjallavinir: Ársreikningur 2016.**
Lagt fram til kynningar.

- t. Ungmennafélag Hrunamanna: Fundargerð aðalfundur UMFH frá 27. mars s.l. og rekstarreikningur 2016.**
Lagt fram til kynningar.
- u. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 29. Fundar stjórnar frá 10. mars s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- v. Fjallskilamál: Fundargerð fundar Bláskógabyggðar og Hrunamannahrepps frá 16. mars s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- w. Ferðamálafulltrúi Uppsveita: Skýrsla vegna ferðaþjónustu í Uppsveitum Árnessýslu 2016-2017.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan

- x. Kynningarfundur NOS með sveitarstjórnnum 25. apríl n.k í Vatnsholti.**
Lagt fram til kynningar.
- y. Sviðsmyndagreining KPMG með sveitarstjórnnum 25. og 26. apríl n.k.**
- z.** Lagt fram til kynningar.
- aa. Héraðsnefnd Árneseinga: Vorfundur 4. maí n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- bb. Forsætisráðuneytið. Fundur í Gömlu Borg 29. maí um málefni þjóðlendu**
Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

- cc. Samband íslenskra sveitarfélaga: Ársskýrsla 2016.**
Lagt fram til kynningar.
- dd. Lánasjóður sveitarfélaga: Ársreikningur 2016.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.16.55.